

48. fundur stjórnar Bláskógaveitu 22. mars 2012 kl. 15.00.

Mættir: Jóhannes Sveinbjörnsson, Kjartan Lárusson stjórnarmenn Bláskógaveitu og Ómar Sævarsson varamaður Þórarins Þorfinnssonar, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, Benedikt Skúlason veitustjóri og Andrés Bjarnason starfsmaður Bláskógaveitu.

1. Kynnt álit frá Lögmönnum Suðurlandi vegna skaðabótakröfu frá bændum í Miklaholti vegna tjóns sem þeir urðu fyrir í sumar, sbr. bókun á 45. fundi stjórnar Bláskógaveitu. Eftirfarandi var samþykkt: Með vísan til 6. mgr. 5 gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga er kröfum Þráins Bj. Jónssonar og Óttar Braga Þráinssonar í bréfi dags. 15. ágúst 2011 hafnað. Lögmanni Bláskógaveitu er falið að svara bréfríturum.
2. Kynnt voru drög að ársreikningi Bláskógaveitu, en stefnt er að því að reikningurinn verði til formlegrar umfjöllunar á næsta stjórnarfundum.
3. Stofngjöld vegna tengingar Fontana hafa ekki innheimst og var samþykkt að setja það í innheimtuferil og að Fontana verði tilkynnt það.
4. Farið var yfir stöðu innheimtumála og aðgerðir gagnvart aðilum sem eru í alvarlegum vanskilum við veituna.
5. Samningar við ríkið um rekstur veitna á Laugarvatni, sbr. umræðu á 47. fundi veitustjórnar. Bláskógaveita er tilbúin til viðræðna við ríkið um þessi mál. Rekstur veitu á Laugarvatni verði sérgreindur innan reikninga Bláskógaveitu.
6. Nauðsynlegt er að fara í eftirfarandi aðgerðir vegna dælustöðvar á Laugarvatni: viðgerð á þaki sem áætlað er að kosti u.þ.b. kr. 350 þús., og kostnaður vegna rafmagnstöflu er áætlaður kr. 900 þús. Benedikt falið að vinna að þessum málum.
7. Stefnt verður að því að klára framkvæmdir við endurnýjun vegna hitaveitu Iðu á árinu.
8. Rætt var um undirbúningsvinnu vegna framkvæmda við dæluhús í Reykholti, sbr. 1. lið í fundargerð 47. fundar Bláskógaveitu.
9. Fyrirspurn hefur borist frá Böðvari Inga Ingimundarsyni vegna mögulegrar tengingar sumarrússins Hólabrekku við hitaveitustofn. Benedikt falið að gera áætlun um verkið miðað við sömu forsendur og kostnaðarpáttöku eins og var við hitaveitulagningu að Laugardalshólum.
10. Fyrir liggur umsókn frá Ingva Sigurgeirssyni eiganda Lyngholts 8 um hitaveitutengingu. Tekið var jákvætt í að tengja bráðabirgðatengingu, Benedikt falið að skoða málið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:20

Jóhannes Sveinbjörnsson
Benedikt Skúlason
Andrés Bjarnason
Ómar Sævarsson
Valtýr Valtýsson
Óttar Þorsteinsson